

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sumarlokanir deilda og biðlista á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru fyrirhugaðar sumarlokanir deilda, og þá hverra, á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Ef svo er, hvaða áhrif mun það hafa á biðlista og þjónustu við sjúklinga, skipt eftir deildum?

Eins og undanfarin ár mun verða samdráttur í starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í sumar og hefst hann um mánaðamótin maí/júní. Ástæðurnar eru eins og áður fyrst og fremst vegna lögboðinna, eða sammingsbundinna sumarleyfa starfsmanna LSH. Áætlun hefur verið gerð um sumarlokanir en þess ber að geta að mögulegt er að einhver frávik verði frá þeirri áætlun vegna skorts á starfsfólki yfir hásumarið. Í töflu 1 er yfirlit um fyrirhugaðar lokanir deilda og í töflu 2 er yfirlit um fjölda rúma á spítalanum árið 2005. Unnið er að því að ráða starfsfólk svo að ekki þurfi að koma til frekari lokana.

Þess ber að geta að samdráttur í starfsemi spítalans verður minni í ár en hann hefur verið undanfarin ár. Samdráttur á lyflækningasviði 1 var 14% árið 2005 en verður 7% nú í sumar. Á öldrunarsviði var samdráttur 15% sumarið 2005 en verður nú 8%. Á öðrum sviðum verður samdráttur sambærilegur við það sem var á síðasta ári.

Biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru nú styttri en þeir hafa verið um langa hríð en lengjast ávallt eitthvað yfir sumarið. Birtar verða tölur um breytingar á biðlistum í sumarlok. Gera má ráð fyrir að bið muni helst lengjast hjá sjúklingum sem bíða eftir liðskipta- aðgerðum og almennum skurðaðgerðum. Hvað varðar þjónustu við sjúklinga almennt þá mun LSH að sjálfsögðu sinna allri bráðaþjónustu eins og endranær.

Tafla 1. Lokanir deilda á LSH 2006.

Svið og deildir	Samdráttur í starfsemi deilda
<i>Barnasvið</i>	
Dagdeild 23E	17/7–13/8 verður deildin lokuð
Barnadeild 22E, barnaskurðeild 22D	3/7–7/8 verða deildirnar sameinaðar
Barnaskurðeild B5	3/7–24/7 verða engar valkvæðar aðgerðir
<i>Kvennasvið</i>	
Kvenlækningadeild 21A	6/6–1/9 verða 13 rúm opin
<i>Lyflækningasvið I</i>	
Hjartadeild 14E og 14G	19/6–18/8 verða 3 rúm af 5 fyrir hjartaþræðingar – rannsóknir og valaðgerðir lokuð
Meltingar- og nýrnadeild 13E	Lokuð v/húsnæðisbreytinga, starfsemin verður á 14G og A7 í sumar
Taugalækningadeild B2	24/7–27/8 verða 12 rúm opin
Lungnadeild A6	17/6–21/7 verða 14–16 rúm opin
Húðlækningadeild Kópavogi	19/6–26/8 verður deildin lokuð
<i>Gæðsvið</i>	
Legudeildir barna- og unglingsdeild	7/7–14/8 verða deildirnar samreknar
<i>Endurhæfingarsvið</i>	
Starfsemi deilda R-2 og R-3	29/6–9/8 verður starfsemi sameinuð á deild R-3 og deild R-2 lokað
<i>Skurðlækningasvið</i>	
Bæklunarskurðeild og háls-, nef- og eyrnadeild, B5 og A5	16/6–14/8 verða deildir B5 og A5 sameinaðar, 20 rúm opin fyrir hvora sérgrein
Dagdeild A5	16/6–21/8 verður deildin lokuð
Heila-, tauga- og æðaskurðeild B6	9/6–21/8 verða 18 rúm opin á deildinni
Almennar skurðlækningar, 12G og 13G	23/6–21/8 verður hvor deild með 16 rúm opin
Þvagfæraskurðeild 13D	23/6 til 28/8 verða 15 rúm opin
Lýtalækningadeild A4	16/6–21/8 verða 8 rúm opin
Hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12E	23/6–14/7 og 8/8 til 28/8 verða 15 rúm opin, 14/7–7/8 verða 8 rúm opin
Þvagfærarannsóknir 11A	24/7–7/8 verður deildin lokuð
Dagdeild augndeildar	24/7–7/8 verður deildin lokuð
<i>Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið</i>	
Skurðstofur Fossvogi	26/6–18/8 verða 3 skurðstofur opnar
Skurðstofur Hringbraut	04/6–16/6 verða 5 skurðstofur opnar
	19/6–18/8 verða 4 skurðstofur opnar
	21/8–1/9 verða 5 skurðstofur opnar
Skurðstofur kvenna Hringbraut	4/6–2/9 verða 2 skurðstofur opnar
Augnskurðstofur Þorfinnsgötu	23/7–7/8 verður augnskurðstofu Þorfinnsgötu lokað vegna viðgerða
Gjörgæsludeild E6 og vöknun Fossvogi	12/6–2/9 verða 5–6 rúm opin
Gjörgæsludeild 12B og vöknun, Hringbraut	12/6–2/9 verða 5–6 rúm opin
<i>Öldrunarsvið</i>	
Deild L2	2/6–17/7 verður deildin lokuð
Deild L3	14/7–28/8 verður deildin lokuð

Tafla 2. Rúmaskrá LSH fyrir árið 2005.

Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm	Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm
<i>Lyflækningasvið I</i>		<i>Öldrunarsvið</i>	
Deild A6	25	Deild B4	20
Deild A7	23	Landakot K1	18
B7 Gigtar- og almenn lyflækningadeild	22	Landakot K2	20
14G Hjarta- og nýrnadeild	21	Landakot L1	18
14E Hjartadeild	21	Landakot L2 (5d)	20
Taugalækningadeild (B2)	22	Landakot L3 (5d)	20
13E Innkirtla- og lungnadeild (5d)	13	Landakot L4	18
Húðlækningadeild Kópavogi	11	Landakot L5	9
Samtals lyflækningasvið I	158	Samtals öldrunarsvið	143
<i>Skurðlækningasvið</i>		<i>Geðsvið</i>	
12G Almenn skurðeild	22	Geðdeild 11 – endurhæfing	11
13D Þvagfæraskurðeild	20	Geðdeild 12 – bráðameðferð	12
13A Lýtalækningadeild síðar Deild A4 Fv	11	Geðdeild 13 – endurhæfing	12
13G Almenn skurðeild	21	Geðdeild 14 – meðferðardeild	12
Deild A4 síðar B5	18	Geðdeild 15 – meðferðardeild	11
Deild A5	18	Geðdeild 32A – bráðameðferðardeild	15
12E Hjarta-, lungna og augnskurðeild	17	Bráðamóttaka Geðdeilda 32CB	2
Deild B6	24	Geðdeild 32C – bráðameðferð	15
Samtals skurðlækningasvið	151	Fjölkvilladeild 33A	15
<i>Lyflækningasvið II</i>		Geðdeild 33C – bráðameðferð	15
11E Krabbameinslækningadeild	12	Deild 34	
11G Blóðsjúkdómadeild	13	Meðferðarheimili Hátúni	12
Líknardeild	8	Meðferðarheimili Reynimelur	5
Samtals lyflækningasvið II	33	Meðferðarheimili Laugarásvegi	8
<i>Barnasvið</i>		Sambýlið – 29	6
Barnadeild 22E	13	Sambýlið – 31	6
Deild B5	6	Barnageðdeild Dalbraut	5
Barnaskurðeild 22D	13	Unglingageðdeild Dalbraut	7
Vökudeild 23D	18	Læknisbústaður Kleppi	6
Samtals barnasvið	50	Samtals geðsvið	175
<i>Kvennasvið</i>		<i>Endurhæfingarsvið</i>	
21A Kvenlækningadeild	18	Grensás R2	24
22A Sængurkvinnadeild	18	Grensás R3	14
22B Meðgöngudeild	13	Deild 20	8
23B Hreiðrið	6	Deild 18	9
Samtals kvennasvið	55	Deild 19	7
<i>Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið</i>		Samtals endurhæfingarsvið	62
Gjörgæsla – Fossvogur	11	<i>Heildarlegudeilda- og SGS-rúmafföldi</i>	
12B Gjörgæsla – Hringbraut	10	Legudeildarúm	827
Samtals SGS	21	Svæfinga-, gjörgæslu og skurðstofurúm	21
* Rúm skilgreind sem dagdeildarrúm eru ekki talin með.		Heildarfjöldi rúma	848

